

Stj.tíð B, nr. 519/1975.

Auglýsing um friðlýsingu á Háöldu, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti austurhluta Háöldu norðan Kotár í landi Sandfells í Örfasveit með þeim jarðsöguminnjum sem þar er að finna.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru*

Við þjóðveg að vestan en brún öldunnar að norðan, austan og sunnan.

*Þessar reglur gilda um náttúruvættið:*

1. Óheimilt er að aka utan merktrar slóðar um hið friðlýsta svæði.
2. Gangandi fólki er heimilt að fara um svæðið enda sé snyrtilega gengið um og varast að skerða gróður eða raska jarðmyndunum.
3. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

[Stofnunin] felur náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu að hafa eftirlit með hinu friðlýsta svæði.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Birgir Thorlacius